

# Íslenskur iðnaður

6/7. tölublað 19. árg.

Júní/Júlí 2013

Samtök iðnaðarins | SI

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa SI lokað 22. júlí til og með 9. ágúst en svarað verður í símann og brugðist við áriðandi erindum. Skrifstofan opnar á ný mánudaginn 12. ágúst.

Óskum félagsmönnum og öðrum lesendum Íslensks iðnaðar gleðilegs sumars

## SÍK til liðs við SI og SA



**Samningur** um aðild Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda, SÍK að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins var undirritaður 7. júní. Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI, Margrét Kristmannsdóttir, varaformaður SA og Hilmar Sigurðsson, formaður SÍK skrifuðu undir samninginn.

Í aðildinni felst m.a. að daglegri starfsemi SÍK verður sinnt af skrifstofu SI, auk þess sem samtökin taka að sér samningsmál og samskipti við opinbera aðila svo eitthvað sé nefnt. Stjórn SÍK er skipuð Hilmarí Sigurðssyni, formanni, Kristínu Andreu Þórðardóttur, Kjartani Þór Þórðarsyni, Ingvari Þórisssyni og Önnu Maríu Karlsdóttur. Varamenn eru Lilja Ósk Snorrardóttir og Guðrún Edda Þórhannesdóttir. Miklar væntingar eru gerðar til samstarfsins enda er kvikmyndaíðnaðurinn einn af öflugum vaxtasprotum íslensks atvinnulífs.



bls. 2

Leiðari  
Ekki  
vernda  
störfin



bls. 3

Hreint vatn  
við  
bæjardyrnar



bls. 5

Nám í  
rafiðngreinum  
vænlegur kostur



bls. 7

Ingólfur  
Sverrisson  
lætur af  
störfum



bls. 8

Tvær íslenskar  
tilnefningar  
til  
umhverfismála

# Ekki vernda störfin



**Orri Hauksson**  
framkvæmdastjóri SI

Þegar efnahagssamdrátturinn skall á Íslendingum fyrir um fimm árum sögðu margir íslenskir stjórnámálemenn að þeir hygðust vernda störfin. Fólk úr öllum stjórnámáflökkum, hvort sem var í meirihluta eða minnihluta, í sveitarstjórnnum eða á Alþingi, tók undir þessa stefnu. Hún fólst í að halda eins mörgum á launaskrá hins opinbera og framast væri unnt við erfiðar aðstæður. Yfirlýst markmið var að missa fólk ekki úr virkni í atvinnuleysi. Allt verkaði þetta göfugt í sjálfu sér og í sumum tilvikum fjölgaði störfum, t.d. vegna aukins umfangs eftirlitsstofnana og rannsóknarstarfs af ýmsum toga sem var sett á laggirnar til að komast að hinu sanna um orsakir fjármálaáfallsins. Þar að auki ákváðu Reykjavíkurborg og ýmsar stofnanir ríkisins að færa inn fyrir sína veggjverkþætti sem áður hafði verið sinnt utan þeirra. Opinberum starfsmönnum var í auknum mæli gert að sinna ýmsum verkefnum s.s. í mótuneytum, tölvuþjónustu, viðhaldi og þrífum, í þeim tilgangi að vernda störf þeirra. Gefin var út sú dagskipun að kostnaðarliði á borð við „verktöku“ og „ráðgjöf“ bæri að lágmarka sem frekast væri unnt en launaliðir og annar innri kostnaður opinberra stofnana mættu hækka á móti.

Vandamálið við fyrrgreinda stefnu er að hún heldur ekki uppi atvinnustigi í landinu. Til langs tíma liðið leiðir slík stefna fremur til þess að störfum fækkar í stað þess að fjölga. Eins og við var að búast dró slægt efnahagsástand fjármálakreppunnar úr umsvifum og verkefnum í hagkerfinu almennt. Þar við bættist hins vegar hinn sérstaki samdráttur hjá þjónustu- og iðnfyrirtækjum sem áður höfðu sinnt þeim þörfum sem hið opinbera tók að innvista í auknum mæli. Ríki og sveitarfélög eru langstærstu hagrænu einingarnar í landinu. Samantekið hurfu þó margfalt fleiri störf hjá einkafyrirtækjum í kreppunni eða hátt á annan tug þúsunda.

## Flatur niðurskurður – seinkun kostnaðar

Kjörnir stjórnendur ríkis og sveitarfélaga hafa ekki verið öfundsverðir af viðfangsefnum sínum undanfarin ár. Aðferðirnar, sem valdar hafa verið við aðhald í rekstri, hafa hins vegar í mörgum tilvikum ekki verið nægilega markvissar, heldur um of byggðar á flötum prósentum í niðurskurði. Stefnan varðandi framtíðar-

skipan hins opinbera kerfis hefur ekki verið skýr. Þannig hefur lítil endurskipulagning átt sér stað, fjárfestingum hefur verið frestað en svipuðu vinnulagi og fyrr haldið til streitu. Reynt hefur verið að halda í við hækkan kostnaðar frá misseri til misseris en með misgóðum árangri. Höfuðstóll ríkiseigna hefur þannig rýrnað, viðhaldspörf hefur aukist og margir hópar opinberra starfsmanna telja sig eiga inni myndarlegar kjarabætur eftir erfið ár. Nú þegar er því mikil undirliggjandi þörf fyrir hækkaðan kostnað hins opinbera á næstu árum. Þetta er ein af afleiðingum þess að reynt var að vernda störf, sem fyrir voru, í stað þess að hugsa upp á nýtt aðferðafræðina við að veita opinbera þjónustu.

## Nýtt hagræðingaráttak

Ný ríkisstjórn hefur sett á laggirnar þingmannahóp til að gera tillögur um nýskipan ríkisrekstrarins. Miklar væntingar eru bundnar við slíkar hugmyndir og að þær komist til framkvæmda. Samtök iðnaðarins hafa í nokkur ár bent á að slá megi þjár flugur í einu höggi, þ.e. skerpa þjónustu við almenning, spara skattfé og bæta um leið umhverfi atvinnulífsins. Verkefnið „Betri þjónusta fyrir minna fé“ frá 2010 var einmitt liður í þeirri viðleitni og þáverandi stjórnvöld tóku því frumkvæði vel. Hins vegar hefur gengið mun hægar að koma því verkefni af stað en vonast var til. Til að slík verkefni verði ekki tregðulögmáli að bráð þarf sterkan vilja og leiðsögn stjórnámálanna. Þetta verkefni og ýmis önnur af sama meiddi eru fólgin í að nýta gróskuna í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum til að leysa verkefni hins opinbera með nýjum og hagræmari hætti. Um leið nýtist hið mikla umfang hins opinbera til að tryggja tiltekinn stöðugleika í vistkerfi þessara viðkvæmu fyrirtækja sem vonandi geta þróað afurðir sínar í útflutningsvörur og skapað um leið vel launuð störf og skatttekjur til framtíðar. Nýr heilbrigðisráðherra hefur undanfarið talað fyrir nýrri hugsun í heilbrigðiskerfinu og formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins á Alþingi hefur sagt það skýrt, að ekki þurfi endilega opinbera starfsmenn til að sinna opinberri þjónustu. Sem dæmi má nefna að aðrar Norðurlandþjóðir nýta sjálfstæð fyrirtæki í skólaskóla og heilbrigðistækni í mun ríkari mæli en Íslendingar gera.

## Framleiðni er lykill að bættum lífskjörum

Hið opinbera hér á landi rekur allt af margar stofnanir, setur, stofur og miðstöðvar. Margar þeirra mega missa sín að öllu leyti en verkefni annarra ættu betur heima í stærri og burðugri einingum. Þjónustuaðilar atvinnulífsins, sem ekki eru fjármagnaðir fyrir opinber framföng, hafa fundið á eigin skinni að einingar sem þessar þurfa að vera af tilteknu lágmarksumfangi, til að starfið sé sæmilega markvisst og snúist ekki of mikið um það að halda sjálfu sér gangandi. Sem dæmi má nefna að við hjá SI höfum verið að þetta eigin raðir, með því að í samtökin gengu gagnaver, kvikmyndaframleiðendur, rafverktakar, verkfræðistofur, meistarafélög í byggingariðnaði og fleiri iðngreinar sem áður stóðu utan SI. Á sama tíma hefur starfsfólki SI fækkað lítillega. Nú eru um 80 fyrirtæki í SI fyrir hvern starfsmann Samtakanna en þetta hlutfall var um 50 fyrir þremur árum. Frumkvöðlasetrin Innovit og Klak, sem um þessar mundir reka hið frábæra áttak Startup Reykjavík, sameinuðust nýlega til að nýta betur takmarkaða fjármuni og mannskap. Framfarir í starfsemi, sem hið opinbera sinnir að jafnaði, munu á næstunni einnig geta leitt til að nýta betur aðföng, velji hið opinbera að grípa slík tækifæri. Nýjar kennsluáðferðir, svo sem hið svokallaða “flip the classroom”, felur í sér tækifæri til að nýta kennslutíma markvissar en fyrr og festa kennsluefnið betur í sessi í huga nemenda. Stefna um að stytta nám til stúdentsprófs hverfist um sama markmið. Þá er svonefnd straumlinustjórnun (e. lean management) vaxandi aðferðafræði sem nýtist jafn vel hjá hinu opinbera og einkafyrirtækjum.

## Má ekki fækka?

Ríkið hefur verið rekið með mörg hundruð milljarða halla undanfarin ár og á engan annan kost en að spara í rekstri sínum. Sú staðreynd – auk allra framangreindra atriða – veitir von um að hin nýja nefnd velti við hverjum steini og láti einskis ófrestað að koma opinberum

rekstri á sjálfbært spor. SI bjóða fram krafta sína og hugmyndir í því efni. Nær öll ríki á Vesturlöndum velta nú fyrir sér hvernig þau eigi að þróa ríkiskerfi sín til hagkvæmari vegar til að þau sligi ekki hagkerfi sín til framtíðar með sköttum. Ríkisstarfsmenn eru almennt ekki æviráðnir og vinnubrögð hins opinbera mega ekki staðna, með því að tabú sé að hreyfa við störfum sem fyrir eru. Megnið af útgjöldum hins opinbera er launakostnaður og þess vegna verður að vera svigrúm til að endurskoða störf, færa þau til og leggja niður, sé þess þörf. Á sumum sviðum mun störfum fjölga á móti, vonandi til dæmis í kennslu tækni- og iðnnáms.

Þess vegna hefur vakið nokkurn ugg að fleiri en einn hinna nýju ráðherra hafa á opinberum vettvangi dregið mjög úr því að starfsfólki gæti fækkað við fyrirhugað hagræðingarátak. Fyrir skömmu voru þrjár litlar ríkisstofnanir sameinaðar í eina í nafni hagræðingar, sem er lofsvert í sjálfu sér. Hins vegar var tekið sérstaklega fram að starfsmönnum yrði ekki fækkað. Sú tilkynning var hugsuð sem sýnidæmi um hve breytingin væri vel útfærð. Kannski eru þarna einhvers konar pólitísk hyggindi til að stýggja ekki þá sem kunna að berjast gegn breytingum ef skýrt þykir að við það fækki opinberum störfum einhvers staðar. Svíar hafa breytt sínu opinbera kerfi undanfarna tvo áratugi til sveigjanlegri vegar og aukið hlutverk einkafyrirtækja, án þess að hugmyndafræðileg átök hafi ríkt þar um. En það breytir ekki hinu að yfirleitt er hreinlegast og best að segja skýrt hvað stendur til. Aðalatriðið er að það verði ekki forsenda fyrirhugaðra breytinga, að vernda beri núverandi störf og aðferðir. Þá næst enginn árangur.

## Matvæladagur MNÍ 2013

**Matvæladagur MNÍ** 2013 verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík 16. október. Dagurinn hefst á afhendingu Fjöreggs MNÍ en verður að öðru leyti helgaður umfjöllun um ráðleggingar um mataræði og næringarefni og nýjum áherslum norræna ráðlegginga sem kynntar verða sérstaklega, bæði út frá sjónarhorni lýðheilsu og hagnýtingu í iðnaði. Lesendur eru hvattir til að tilnefna til Fjöreggsins vörur eða gott framtak einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja sem sýnt hafa frumkvæði og skarað fram úr á matvæla- og/eða næringarsviði og eru þess verðug að keppa til verðlaunanna. Mikilvægt er að setja fram rökstuðning með ábendingunni. Tilnefningar á að senda á netfang Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands, [mni@mni.is](mailto:mni@mni.is)

# Hreint vatn við bæjardyrnar

Ávordögum varð slys í Bláfjöllum þegar verið var að flytja eldsneyti vegna starfsemi á svæðinu. Olía fór niður en með skjótum viðbrögðum tókst að hreinsa megnið upp og vatnsból menguðust ekki.

Hreint og ómengað vatn er mikilvægt öllum íbúum landsins og fyrirtækjum. Sum fyrirtæki eiga meira undir þessari auðlind en önnur og má þar sérstaklega nefna matvælaframtækni. Aðgangur að góðu vatni er grundvallarforsenda starfsemi þeirra. Mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins getur haft afleiðingar fyrir framleiðslu og markaðssetningu á íslenskum vörum. Það hefði áhrif á öll framleiðslufyrirtæki ef loka þyrfti meginvatnsbólum og það kæmi til skömmunar á vatni. Þá yrði vatn fyrst tekið af framleiðslufyrirtækjum, samkvæmt forgangsröðun sem lög segja til um.

Sérstaða vatnsbólanna felst m.a. í því hve nálægt þau eru þéttbýli en þó er ekki þörf á hreinsun vatnsins fyrir notkun eins og algengt er víða í öðrum löndum. Vegna þessa er vatn bæði betra og margfalt ódýrara hérlendis en í nágrennalöndum. En vegna nálægðar við þéttbýlið þrengir að svæðinu og ýmis starfsemi er í nánd við eða á vatnsverndarsvæði og nærsvæði.

Samtök iðnaðarins hafa undanfarið fundað með aðilum sem koma að skipulagi og eftirliti á vatnsverndarsvæði



höfuðborgarinnar. Samtökin leggja áherslu á að við skipulag á svæðinu verði horft til þess að leggja ekki vatnsauðlindina í hættu. Öll umgengni á svæðinu þarf að taka mið af nálægð við vatnsbólin. Viðhafa þarf vinnureglur sem taka tillit til þess hve alvarleg áhrif mengunarslys geta haft. Einnig er ljóst að auka þarf þekkingu á grunnvatnsstraumum á svæðinu til að leggja megi betra mat á áhættu frá starfsemi á fjarsvæðum.

Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Fjölmargir aðilar koma að stjórn og skipulagi á svæðinu. Mikilvægt er að þeir leggist á eitt um að vinna heildstætt að skipulagi og góðri umgengni. Þetta krefst þess að sveitarfélög og aðilar sem koma að starfsemi á svæðinu vinni saman að því að gæta þessara hagsmuna. Hreint vatn við bæjardyrnar, tilbúið til notkunar, er nokkuð sem fáar höfuðborgir geta státað af.

Bryndís Skúladóttir, Ragnheiður Héðinsdóttir

## Nýr forstjóri hjá Orf líftækni

**Jón Björnsson** hefur verið ráðinn í starf forstjóra ORF Líftækni. Hann tekur við af Dr. Birni L. Örvari sem mun taka við nýrri stöðu framkvæmdastjóra rannsókn- og vöruþróunarsviðs félagsins.

Jón hefur mikla reynslu sem stjórnandi stórra fyrirtækja í alþjóðlegum viðskiptum. Hann hefur undanfarna mánuði unnið að endurskipulagningu á rekstri Steen & Ström, vinsælustu stórverslunar Osló. Hann var forstjóri Magasin du Nord í Kaupmannahöfn frá árinu 2005 til 2012 og gjörbylti rekstri þeirrar fornfrægu stórverslunar til hins betra. Frá árinu 2002 til 2005 var hann forstjóri Haga hf. á Íslandi og þar áður framkvæmdastjóri Hagkaupa frá 1998-2002. Jón situr í stjórnnum Áhlens AB, Boozt.com, og tryggingafélagsins Varðar. Jón er menntaður viðskiptafræðingur frá Rider University, New Jersey.



Markmið skipulagsbreytinganna er að efla enn ört vaxandi sölustarfsemi félagsins á alþjóðlegum markaði, en langstærsti hluti tekna félagsins kemur erlendis frá, sem og að efla vöruþróun og rannsóknarstarf.

# Samningur við Verkiðn um SkillsIceland og WorldSkills



Talið frá vinstri: Björn Ágúst Sigurjónsson, Illugi Gunnarsson, Þorri Pétur Þorláksson, Laufey Dröfn Matthíasdóttir, Börkur Guðmundsson og Lilja Sæmundsdóttir.

Á dögunum undirrituðu Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ágúst Sigurjónsson formaður Verkiðnar samstarfssamning við Verkiðn um Íslandsmót iðn- og verkgreina árið 2014 og þátttöku íslenskra keppenda á World Skills í Brasilíu árið 2015. Samningurinn er liður í að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar og bæta ímynd iðn- og verkgreina.

Verkiðn eru samtök um keppnir í iðn- og verkgreinum á Íslandi – SkillsIceland. Markmið þeirra er að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd iðn- og verkgreina, halda Íslandsmót iðn- og verkgreina annað hvert ár og vekja athygli á tækifærum sem felast í námi og

starfi í þessum greinum. Auk þess eru samtökin samstarfsaðili við erlenda aðila og samtök sem vinna á sama grunni. Verkiðn skipuleggur þátttöku Íslands í WorldSkills – heimsmeistaramóti iðn- og starfsnámsnemenda.

Aðild að Verkiðn eiga fagfélög launamanna og atvinnurekenda, hagsmunasamtök iðnaðarmanna og framhaldsskóla eða samtök þeirra. Samtök nemenda í framhaldsskólum (SÍF) eiga rétt á fulltrúa í fulltrúaráði með málfrelsi og tillögurétt.

Í tilefni af undirritun samningsins hélt ráðherra móttöku fyrir íslensku keppendurna.

## Nýr framkvæmdastjóri Samáls

### Pétur Blöndal

hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Samáls. Hann mun hefja störf í næsta mánuði.

Pétur tekur við af Þorsteini Víglundssyni sem tók nýverið við stöðu framkvæmda-stjóra Samtaka atvinnulífsins.

Pétur hefur gegnt starfi ritstjórnarfulltrúa á Morgunblaðinu frá 2006 og stýrt menningardeild blaðsins, auk þess að ritstýra Sunnudagsmogganum um árabíl. Hann er stjórnarformaður Stofnunar um fjármálalæsi, auk þess að vera stundakennari við HÍ og sitja í stjórn Forlagsins. Hann var áður forstöðumaður kynningarmála og fjárfestatengsla hjá Íslandsbanka og stýrði almannatengsladeild auglýsingastofunnar Góðs fólks. Pétur er með BA-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands og MBA frá Háskólanum í Reykjavík.

Samál eða Samtök álframleiðenda á Íslandi eru samtök álfyrirtækja á Íslandi og voru stofnuð 7. júlí 2010. Markmið samtakanna er að vinna að hagsmunum og framþróun íslensks áliðnaðar og efla upplýsingastreymi og fræðslu um áliðnaðinn. Nánari upplýsingar um samtökin má finna á [www.samal.is](http://www.samal.is)



## Góður árangur íslenskra keppenda á WorldSkills

WorldSkills – heimsmeistaramót iðn- og starfsnámsnemenda 2013 var haldið í Leipzig dagana 3. – 6. júlí. Keppnin fór vel fram og greinilegt að umtalaðir skipulagshæfileikar þjóðverja eru ekki orðin tóm.

Íslenskir keppendur og dómamar sóttu sér mikla reynslu sem á eftir að skila sér í umræðu um þekkingu iðnnema hér á landi auk þess að lyfta þessum keppnisgreinum á Íslandsmóti iðn- og verkgreina á nýjan stað.

Keppendur voru um 1000 talsins frá 52 löndum og um 200.000 manns fylgdust með keppninni.

Fjögur ungmenni tóku þátt fyrir Íslands hönd að þessu sinni og stóðu sig öll með þrýði. Lena Magnúsdóttir, hársnyrtiðn lenti í 16. sæti í sinni grein, Þorri Pétur Þorláksson, pípulagnir í 17. sæti, Laufey Dröfn Matthíasdóttir, grafísk miðlun í 22. sæti og Börkur Guðmundsson rafvirkjun í því 27.



# Nám í rafiðngreinum er vænlegur kostur

Minnkandi aðsókn í nám í löggiltum iðngreinum veldur áhyggjum og sama má segja um brottþvarf íslenskra iðnaðarmanna til starfa erlendis. Tímabundinn samdráttur á byggingamarkaði má ekki verða til þess, að innan fárra ára þurfi að hefja stórfelldan innflutning á erlendum iðnaðarmönnum. Við í iðnaðinum þurfum að taka höndum saman um að ná til unga fólksins og kynna fyrir þeim þá möguleika sem í iðnnáminu felst.

## Rafiðngreinar

Nám í rafiðngreinum hefst með fjögurra anna sameiginlegu grunnnámi en að því loknu velja nemendur sérnám í rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs. Tvær leiðir standa til boða, verknámsleið og samningsbundið iðnnám.

- Verknámsleið: Rafvirkjun, rafeindavirkjun og rafvélavirkjun, 7 annir í skóla að meðtöldu grunnnámi auk 24 vikna starfsþjálfunar.
- Samningsbundið iðnnám: Rafvirkjun, rafvélavirkjun og rafveituvirkjun, 6 annir í skóla að meðtöldu grunnnámi auk 48 vikna starfsþjálfunar.

## Sveinspróf - hundrað próftakar ár hvert

Sveinspróf í rafiðngreinum eru haldin tvisvar á ári. Að jafnaði eru árlega um eitt hundrað próftakar í rafvirkjun sem mæta í sveinspróf og hefur svo verið undanfarin mörg ár. Færri hafa tekið sveinspróf í rafeindavirkjun, en áhugi á þeirri grein virðist vera að aukast sem skýra má með því að auk Tækniskólans er byrjað að kenna fagið í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Áætluð þörf á nýliðun í rafvirkjun er talin 4 – 5 % árlega og hefur það að mestu náðst ef undanskilin eru þensluárin fyrir hrun þegar ráða þurfti rafiðnaðarmenn erlendis frá líkt og gerst hefur í Noregi undanfarin ár.

## Meistaraskólinn

Þeir sem ljúka námi með sveinsprófi geta hafið nám í meistaraskóla og starfað að námi loknu sem sjálfstæðir rafverktakar. Meistaránám í rafiðngreinum er samtals 56 eininga nám sem í stórum dráttum er skipt í tvo hluta, almennan hluta og sérgreinahluta.

*Almenni hlutinn* er sameiginlegur öllum iðngreinum og skiptist í almennt nám



Ásbjörn Jóhannesson  
forstöðumaður rafiðnaðarsviðs

(10 einingar) og nám í stjórnunar- og rekstrargreinum (16 einingar). Nám í almenna hlutanum er hægt að sækja í framhaldsskólum víða um land.

*Sérgreinahlutinn* (fagnámið) í meistaranámi rafiðnaðarmanna fer fram í námskeiðsformi í Rafiðnaðarskólanum og er samtals 30 einingar. Nemendur ljúka hverju námskeiði með prófi, þar sem krafist er lágmarks árangurs.

## Nám á háskólastigi

Auk náms í meistaraskóla, eiga þeir sem ljúka námi í rafiðngreinum í verkmenntaskóla kost á að sækja nám á háskólastigi og er þar um tvo möguleika að ræða. Annars vegar ljúka iðnfræðinámi sem er þriggja ára fjarnám með staðlotum eða fara í tæknifræðinámi, en það krefst þess að farið sé fyrst í svokallaða frumgreinadeild sem er tveggja ára nám í dagskóla.

## Rafiðnaðarskólinn

Símenntun í tæknigreinum er nauðsynleg og til að fullnægja kröfum og eftirspurn á því sviði reka SART, Samtök rafverktaka og RSÍ, Rafiðnaðarsamband Íslands saman Rafiðnaðarskólann og er hann í jafnri eigu samtakanna. Í Rafiðnaðarskólanum eru að jafnaði haldin um 100 námskeið á ári með um 1000 þátttakendum en í dag eru 56 mismunandi námskeið í boði. Markmið Rafiðnaðarskólans er að eiga gott samstarf við einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og skóla um allt er varðar menntun til framfara í greininni.

## Brjóstabollan vindur upp á sig



Frá vinstri Hjálmar E. Jónsson, Jóhannes Felixson stjórnarmenn í LABAK afhenda Gunnhildi Óskarsdóttur, formanni Göngum saman söfnunarféð

Landssamband bakameistara, LABAK, tók höndum saman við styrktarfélagið Göngum saman og seldi brjóstabollur um mæradagshelgina til styrktar rannsóknasjóði félagsins. Allt fé sem Göngum saman safnar fer í styrktarsjóð en félagið úthlutar styrkjum til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini í október ár hvert.

Samstarf LABAK og Göngum saman, um sölu á brjóstabollunni, hefur nú staðið í þrjú ár, báðum félögum til góðs. Bakarar finna fyrir miklum velvilja

almennings í tengslum við þetta verkefni og stuðningur LABAK við Göngum saman hefur aukist ár frá ári og hefur frá upphafi alls numið hátt í 5 milljónum króna. Í ár nam söfnunarféð 1,7 milljónum króna sem stjórnarmenn LABAK afhentu formanni Göngum saman við upphaf vikulegrar hressingargöngu félagsins í Öskjuhlíðinni í lok júní. LABAK hlakkar til frekara samstarfs við styrktarfélagið Göngum saman og óskar því alls hins besta í framtíðinni.

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
6./7. tbl. 19. árg. Júní/Júlí 2013  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 12.7.2013  
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.  
Ljósmyndir: Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson  
Ritstjóri: Rakej Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



## Fjármögnunarsamningar Landsbankans ólöglegir

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í máli Flugstraums ehf. gegn Landsbankanum að fjármögnunarleigusamningar Landsbankans væru í raun lánasamningar og því væri gengistrygging þeirra ólögleg. Dómsmálið er eitt af fjölmörgum málum sem Samtök iðnaðarins hafa staðið að með ýmsum fyrirtækjum.

Talið er að fjármögnunarleigur hafi gert ólöglega lánasamninga við 2.500 fyrirtæki. Heildarsamningsfjárhæð er óþekkt en leiðréttingar í kjölfar þessara dómsmála hlaupa engu að síður á milljörðum króna. Alls er talið að fjármögnunarleigusamningar hafi verið á bilinu 10 til 15 þúsund.

## Óviðunandi tafir á lokauppgjöri

Dómurinn er samhljóða dómi Hæstaréttar frá 20. október 2011 þegar samningar Íslandsbanka voru dæmdir ólöglegir. Vafaatriði varðandi vaxtaútreikning ólöglegra lána hafa tafið fyrir lokauppgjöri við lántakendur.

Samtök iðnaðarins telja þessar tafir óviðunandi. Langvarandi óvissa og kyrrstaða er íslensku atvinnulífi fjötur um fót. Skuldastaða fyrirtækja er óljós og fyrirtækjum er gert ómögulegt að kaupa eða selja framleiðslutæki og tól. Fjármálaframtækjum ber tafarlaust að endurreikna hin ólöglegu lán miðað við Seðlabankavexti með fyrirvara um betri rétt lántakenda og endurtaka útreikninginn ef dómar falla á þá lund.

# Vottuðum fyrirtækjum fjölgar

## Bútur hlýtur D vottun

Pípulagningaþjónustan Bútur ehf. hefur staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptarar gæðavottunar SI og hlotið D-vottun. Með gæðavottunarkerfinu er stefnt að því að gera rekstur fyrirtækja skilvirkari. Í því fer fyrirtækið í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind með það að markmiði að auka framleiðni og hagnað fyrirtækisins.

Þorgrímur Magnússon pípulagningar-meistari og eiginkona hans Ragna Þórarinsdóttir stofnuðu Bút árið 1990.

Fyrstu árin unnu þau eingöngu við fyrirtækið en starfsmönnum fjölgaði fljótt og hafa þeir verið mest sautján.

Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt. Með góðan mannauð, aðstöðu og mikið af tækjum og búnaði er Bútur vel í stakk búið til að sinna hvers kyns pípulagna-verkefnum.



## Rafeyri hlýtur C-vottun

Rafeyri ehf. hefur hlotið C-vottun SI sem staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur með öflug u verkbók-haldi, góðri skipulagningu og með mikla sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum.

Rafeyri var stofnað 1994 upp úr rafmagnsdeild Slippstöðvarinnar og sinnir að stærstum hluta þjónustu við útgerðir með áherslu á fyrirtæki og útboðsverk. Sérstök áhersla er á háspennurafvirkjun. Síðustu ár hefur einnig verið starfrækt



tæknideild sem annast tilboðsgerð, teikni- og hönnunarvinnu ásamt því að leiða tæknihluta verka.

Starfssvæði Rafeyrar er nánast um allt land þó langmest af verkefnum séu staðsett á Eyjafjarðarsvæðinu. Einnig hafa starfsmenn fyrirtækisins sinnt verkefnum í nálægum löndum. Stærstu verkefni í sögu fyrirtækisins eru stækkun og endurbætur á Lagarfossvirkjun og uppbygging aflþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi.

## Óskað eftir tilnefningum til verðlauna á Degi íslenskrar náttúru

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið auglýsir eftir tilnefningum til tvennra verðlauna sem afhent verða á Degi íslenskrar náttúru, 16. september næstkomandi. Annars vegar er um að ræða Fjölmíðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og hins vegar Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti.

Fjölmíðlaverðlaunum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins er ætlað að hvetja til hverskyns umfjöllunar um íslenska náttúru, hvort heldur er í því skyni að vekja athygli á einstakri náttúru landsins eða benda á þær ógnir sem steðja að íslenskri náttúru og mikilvægi þess að varðveita hana og vernda til framtíðar.

Verðlaunin verða veitt fjölmíðli, ritstjórn, blaða- eða fréttamanni, dagskrárgerðarfólki eða ljósmyndara sem hafa skarað fram úr með umfjöllun sinni um íslenska náttúru. Til greina koma einstök verkefni eða heildarumfjöllun um íslenska náttúru.

### Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti

Þá verður Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti veitt einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar. Sigríður Tómasdóttir, fæddist 24. febrúar 1871 í Brattholti. Sigríður var baráttukona og náttúruverndarsinni sem lagði mikið á sig í baráttu gegn virkjun Gullfoss. Hún var því brautryðjandi á sviði náttúruverndarmála hér á landi og hefur æ síðan verið íslenskum náttúruverndarsinnum fyrirmynd.

Óskað er eftir tilnefningum til beggja viðurkenninga fyrir 16. ágúst. Tilnefningar með rökstuðningi sendist umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, eða á netfangið postur@uar.is



## Verndun vöruheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða vegna hefðbundinnar sérstöðu

Starfshópur á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hefur undanfarna mánuði unnið að samningu lagafrumvarps til að vernda heiti afurða sem vísar til uppruna, landsvæðis eða vegna hefðbundinnar sérstöðu. Markmið með lögnum er að koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti, stuðla að neytendavernd og auka virði afurða. Í hópnum áttu sæti sérfræðingar úr ráðuneytum og Einkaleyfastofu og fulltrúar hagsmunaaðila.

Hópnum var falið að meta kosti og galla þess að setja slíka löggjöf og væri niðurstaðan sú að kostirnir væru fleiri átti starfshópurinn að semja drög að frumvarpi. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að setja löggjöf um þessi málefni hér á landi og samdi í framhaldi frumvarp til laga sem hér um ræðir. Sú vinna var einkum unnin af lögfræðingum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, utaríkisráðuneytis og Einkaleyfastofu. Frumvarpið er aðgengilegt á vef Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og er öllum heimilt að koma með athugasemdir til 1. september.

# Ingólfur Sverrisson lætur af störfum hjá SI



Samtök iðnaðarins héldu Ingólfi Sverrissyni kveðjuhóf í Norska húsinu í Heiðmörk. Þar tilkynnti hann eins og honum er einum lagið að hann hefði fest ráð sitt öðru sinni þá í vikunni rétt tvo daga í sjötugt. Við hlið hans stendur Lilja Ágústa Guðmundsdóttir nýbökðu eiginkona kappans og sambýliskona til margra ára.

Ingólfur Sverrisson, forstöðumaður Málm- og véltækisviðs hefur látið af störfum hjá SI eftir langan og farsælan starfsferil. Hann fagnaði nýlega 70 ára afmæli og Íslenskur iðnaður tók hann tali á hinsta starfsdegi og spurði hann út í starfsferilinn.

„Árið 1972 réðst ég sem starfsmannastjóri í Slippstöðina á Akureyri, áður hafði ég starfað sem framkvæmdastjóri Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 1967. Sjö árum síðar, 1979, flutti ég suður og varð verkefnisstjóri Iðnþróunarverkefnis Sambands málm- og skipasmíðja. Var við það í rösk tvö ár og tók þá við starfi framkvæmdastjóri Meistara-

félags járníðnaðarmanna, síðar MÁLMUR og Félags blikksmiðjueigenda. Þegar félögin lögðu niður sjálfstæða starfsemi, og gerðu þjónustusamninga við Samtök iðnaðarins árið 1994, réðst ég til SI og hafði þá m.a. með höndum að sinna þessum félögum. Þannig hefur það verið til dagsins í dag – 30. júní 2013 þegar ég læt af störfum við 70 ára aldur“.

Samtök iðnaðarins þakka Ingólfi Sverrissyni forstöðumanni Málm- og véltækisviðs vel unnin störf í þágu iðnaðarins og óska honum velfarnaðar.

Við störfum Ingólfs hjá Samtökunum tekur Árni Jóhannsson, forstöðumaður Mannvirkjasviðs SI.

## Nýir félagsmenn

**Uppskipun ehf.**  
**Lækjarmel 10**  
**301 Akranesi**

**Lóðarþjónustan ehf.**  
**Eirhöfða 12**  
**110 Reykjavík**

**Stálvík ehf.**  
**Kaplahrauni 22**  
**220 Hafnarfirði**

**Krafla ehf.**  
**Pósthólf 170**  
**202 Kópavogur**

## STYRKIR VEGNA VINNUSTAÐANÁMS

*Mennta- og menningamálaráðuneytið auglýsir styrki vegna vinnustaðanáms.*

*Umsóknartímabilið er 1. júlí til 31. desember 2013.*

*Umsóknarfrestur er til 16. ágúst.*

*Umsóknarferlið fer nú í gegnum Rannís og þarf að skila umsóknum raftænt.*

*Nánari upplýsingar er að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is)*



## Mentor eitt af þremur fram-sæknustu tæknifyrirtækjum í Evrópu á sviði menntunar

Á ráðstefnunni EdTech Europe 2013, sem fram fór í London í júní, hlaut Mentor viðurkenningu sem eitt af þremur fram-sæknustu fyrirtækjum í Evrópu sem samþætta tækni og menntun.

„Þetta er einstök viðurkenning á þeirri þróun sem við höfum unnið að og miklum vexti fyrirtækisins hingað til“, segir Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors. „Einnig er þetta frábær hvatning til frekari vaxtar og afreka.“

EdTech Europe 2013 er eins dags ráðstefna, þar sem farið er yfir það sem efst er á baugi varðandi þróun og fjárfestingar í upplýsingatækni og menntun. Fyrir ráðstefnunni standa IBIS Capital og Edxus, en það félag var stofnað til að fjárfesta í og þróa fyrirtæki sem vinna að samþættingu tækni og menntunar. Edxus áætla að fjárfesta fyrir um 77 milljónir evra í fyrirtækjum á sviði tækni og menntunar á næstu 18 mánuðum.

Rannsóknir IBIS Capital og Edxus sýna fram á veruleg vaxtartækifæri á sviði tækni og menntunar, en áætlað er að greinin muni fimmtánfaldast á næstu 10 árum.

# Félagsfundur tækni- og hugverkagreina ályktar



Tækni- og hugverkagreinar innan SI sendu ályktun um nýsköpun, nýtingu vaxtartækifæra og eflingu útflutningsgreina framtíðarinnar til allra þingmanna. Á félagsfundi greinanna var m.a. fjallað um stöðu og framtíð Tækniþróunarsjóðs, endurgreiðslu rannsóknar- og þróunar-kostnaðar og markáætlanir.

Samtökin innan þessara greina ásamt Samtökum iðnaðarins óska eftir áframhaldandi samstarfi við stjórnvöld og lýsa sig reiðubúin að starfa með nýrri ríkisstjórn að vexti og framgangi greinanna.

Í ályktuninni er vísað til stefnuýfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem segir m.a.: „öflugt atvinnulíf er undirstaða vaxtar og velferðar. Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðal-

stórum fyrirtækjum. Sérstök áhersla verður lögð á vöxt útflutningsgreina, nýsköpun og nýtingu vaxtartækifæra framtíðarinnar, auk þess að tryggja jafnræði gagnvart lögum“.

Hlutur tækni- og hugverkaiðnaðar á Íslandi hefur vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum og nemur nú um 20% af gjaldreystekjum þjóðarinnar. Hundruðir frumkvöðla- og sprotafyrirtækja hafa sprottið upp og tugir tækni-fyrirtækja hafa náð góðri fótfestu á alþjóðlegum mörkuðum á fjölbreyttum sérsviðum. Aðgangur að náttúruauðlindum takmarka ekki vöxt þessara fyrirtækja – sem fyrst og fremst byggja á mannauði, þekkingu, menntun og alþjóðlegum markaðstengslum. Þrátt fyrir góðan árangur í uppbyggingu þessara fyrirtækja hér á landi er ástæða til að hafa áhyggjur af vaxandi fjölda fólks og fyrirtækja á leið úr landi. Þeirri þróun þarf að snúa við hið snarasta áður en í óefni er komið. Gjaldgengur gjaldmiðill án hafta, samkeppnishæft starfsumhverfi og virk tengsl við helstu markaðssvæði gegna þar lykilhlutverki.

Stöðvun verkefna t.d. varðandi umbætur í hagtolugerð sem til stóð að fjármagna með IPA-stuðningi væri ekki til þess fallin að bæta upplýsingar um stöðu og þróun greinarinnar.

Framtíðarsýn greinanna er að Ísland verði aðlaðandi miðstöð tækni- og hugverkafyrirtækja sem grunnstoð í útflutningi og jákvæðum viðskiptajöfnuði og samtökin vekja athygli stjórnvalda á 10 verkefnum sem þau hafa lagt til að ráðist verði í til að skapa forsendur fyrir að þessi sýn verði að veruleika.

Davíð Lúðvíksson

## Tvær íslenskar tilnefningar til Náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs

Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna og íslenska fyrirtækið Carbon Recycling International eru meðal þeirra tíu sem tilnefndir eru til Náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs í ár.

Verðlaunahafinn hlýtur 350.000 danskar krónur í verðlaun auk verðlaunagrips.

Verðlaunin verða veitt fyrirtæki, samtökum eða einstaklingi sem hefur þróað vöru, uppfinningu eða með öðrum hætti aukið skilvirka nýtingu auðlinda og þar með stuðlað að því að draga úr neikvæðum áhrifum mannsins á náttúruna.

Afhending verðlauna Norðurlandaráðs fer fram á Norðurlandaráðsþingi ár hvert. Nýlunda er að nöfn verðlaunahafanna verða ekki tilkynnt fyrr en á verðlaunahátíðinni sem haldin verður í óperunni í Ósló þann 30. október. Verðlaunaafhendingin er sameignleg fyrir öll verðlaun Norðurlandaráðs og verða allir tilnefndir á staðnum.

Norska ríkissjónvarpið sjónvarpar verðlaunaafhendingunni ásamt ríkissjónvarpsstöðvum hinna norrænu ríkjanna.

